

S A M Þ Y K K T

145
24. jan.

um

stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Í bæjarstjórn sitja 10 kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarstjóri sem auka-
maður, sé hann ekki kjörinn í bæjarstjórn. Jafnframt og bæjarfulltrúar eru
kosnir, eru kosnir jafnmargir varafulltrúar, og taka þeir sæti í bæjarstjórninni og
nefndum hennar samkvæmt reglum, er ríkisstjórnin setur þar um.

2. gr.

Einstökum málefnum kaupstaðarins stjórna fastar nefndir, er bæjarstjórn
kýs, með þeim takmörkunum, er síðar greinir:

Þessar nefndir eru:

1. Fjárhagsnefnd.
2. Fasteignanefnd.
3. Fátækranefnd.
4. Byggingarnefnd.
5. Hafnarnefnd.
6. Skólanefnd.
7. Bókasafnsnefnd.
8. Brunamálanefnd.
9. Sjúkrahúsnefnd.
10. Vaganefnd.
11. Búnefnd.
12. Rafveitunefnd.
13. Ellistyrktarsjóðsnefnd.
14. Kjörskrárnefnd.
15. Niðurjöfnunarnefnd.
16. Heilbrigðisnefnd.
17. Sóttvarnarnefnd.
18. Byggingarsjóðsnefnd.

Auk þess kýs bæjarstjórn árlega tvo endurskoðendur bæjarreikninganna
og tvo til vara, einn mann til að semja verðlagsskrá, þrjá bæjarfulltrúa til að
sækja sýslufund Norður-Ísafjarðarsýslu, til þess að annast með sýslunefndinni
Styrktarsjóð ekkna og barna Ísfirðinga þeirra, er í sjó drukkna, og einn bæjar-
fulltrúa til þess, ásamt einum fulltrúa frá sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og
bæjarfógeta, að annast sundlaugina á Reykjanesi. Í hvert sinn, er kjósa á bæjar-
fulltrúa eða aðra starfsmenn bæjarins, kýs bæjarstjórn þrjá menn í kjörstjórn

145 og tvo til vara, og ef kosið er í fleiri en einni kjördeild, þrjá menn í undirkjör-
24. jan. stjórn fyrir hverja deild. Í hvert sinn, er kjósa skal til Alþingis, kýs bæjarstjórn undirkjörstjórn, eina eða fleiri, og er hver skipuð þrem mönnum, og jafnframt tvo menn í yfirkjörstjórn, annan úr bæjarstjórn, en hinn utan hennar, og tvo til vara á sama hátt. Loks kýs bæjarstjórn einn mann í skattanefnd og annan til vara, báða til sex ára.

Fastar nefndir skulu kosnar til eins árs í senn, í fyrsta sinni á kjörtímabilinu, þegar er reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar, og síðan á fyrsta fundi hvers árs. Um kosningu skólanefndar fer þó eftir fræðslulögum, um niðurjöfnunarnefnd eftir lögum um útsvör, og um sóttvarnarnefnd og heilbrigðisnefnd eftir sóttvarnarlögum og lögum um heilbrigðissamþykktir.

Bæjarstjórnin getur, með þeirri undantekningu, sem leiðir af fræðslulögum og lögum um útsvör, tekið málið til meðferðar og úrskurðar þótt falið sé fastri nefnd, og er það þá fallið undan þeirri nefnd. Hún getur og skipað sérstakar nefndir í einstök mál, þegar svo þykir henta, eða falið einhverjum fulltrúanna eða bæjarstjóra framkvæmd þeirra.

Bæjarstjóri á sæti í öllum föstum nefndum bæjarstjórnarinnar, og er formaður þeirra, nema lög ákveði annað. Er hann aukamaður í öllum nefndum, þegar hann er ekki bæjarfulltrúi, en sé hann bæjarfulltrúi, er hann eftir sem áður atkvæðislaus aukamaður í þeim nefndum, sem hann er ekki kosinn í sérstaklega.

Allar fastar nefndir bæjarstjórnar skulu halda gerðabók og skrá þar í fundargerðir.

3. gr.

Í fjárhagsnefnd eru kosnir þrjár bæjarfulltrúar. Nefndin hefir umsjón með fjárhag bæjarins, býr undir áætlun, gerir með ráði endurskoðenda tillögur til úrskurðar á reikningum, semur árlega skýrslu um eignir og skuldir bæjarins, hefir eftirlit með að bæjargjaldkeri riti rétt og reglulega bækur sínar, heimti tekjur bæjarins á réttum tíma og setji handbært fé á vöxtu.

Nefndin skipar fyrir um hversu reikningsbækur gjaldkera eða annarra, er hafa kunna umráð yfir fé bæjarins, skulu vera lagaðar, nema öðruvisi sé fyrir mælt, leiðbeinir þeim, er hlut eiga að máli, gæti þess að reglum þeim sé hlýtt, sem um það efni eru settar, og litur eftir fjárbirgðum þeim, er þeir hafa undir höndum.

Nefndin hlutast og til um að samin sé skrá yfir gjöld af föstum, lögboðnum tekjustofnum.

Reikninga til bæjarsjóðs rannsakar nefndarmaður sá eða fulltrúi, er hlut á að máli, og ritar á þá samþykki sitt um að þeir séu réttir. Síðan athugar bæjarstjóri hvort heimild sé til greiðslunnar og ávisar reikningunum til greiðslu. Ekkert fé má greiða úr bæjarsjóði nema eftir löglegri ávísun.

4. gr.

Í fasteignanefnd eru kosnir þrjú bæjarfulltrúar. Hefir nefndin á hendi umsjón með fasteignum bæjarins, svo sem lóðum, húsum og jörðum, svo og veiðifnotum, mótaki, grjótnámi, slægjum, hagabeit, fjallskilum o. fl., að því leyti sem eigi er öðruvísi skipað fyrir um.

145
24. jan.

5. gr.

Í fátækranefnd eru kosnir þrjú bæjarfulltrúar. Nefndin hefir á hendi stjórn allra fátækramálefna, sér um með öllum þurfamönnum, semur um meðlag ómaga, ráðstafar fé til þurfamanna og öðrum útgjöldum til fátækra, annast greftrun þeirra og lögflutning, en bæjarstjóri annast allar bréfaskriftir um fátækramálefni og viðskipti við önnur sveitarfélög. Nefndin stjórnar elliheimilinu og barnahæli, ef það verður sett á stofn.

Bæjarstjóri er fátækrafulltrúi, nema til þess sé ráðinn sérstakur maður. Fátækrafulltrúa ber að aðstoða nefndina í öllum greinum, hafa sérstaka umsjón með þurfamönnum, nákvæmar gætur á högum þeirra, ástæðum og háttalagi, og stuðla að því, að þeir noti efni sín með forsjá og sparnaði, og leiti sér atvinnu og allra hjargráða eftir megni. Styrkbeiðni þurfamanns verður að jafnaði eigi tekin til greina, nema fátækrafulltrúi styðji hana, enda getur hann ráðstafað styrknum fyrir þurfamanninn, ef svo þykir betur fara. Fátækrafulltrúa er skylt að mæta á fundum fátækranefndar, nema lögmæt forföll hamli.

6. gr.

Í byggingarnefnd eru fimm menn kosnir, þrjú úr flokki bæjarstjórnar og tveir utan hennar. Nefndin annast byggingarmálefni bæjarins, með aðstoð byggingarfulltrúa, samkvæmt því er segir í lögum og samþykktum um byggingarmálefni hans.

7. gr.

Í hafnarnefnd er forseti bæjarstjórnar sjálfkjörinn formaður og kosnir fjórir menn, tveir úr flokki bæjarstjórnar og tveir utan hennar. Nefndin annast hafnarmálefni samkvæmt hafnarlögum og hafnarreglugerð, sér um innheimtu hafnargjalda og reikninga hafnarsjóðs, og hefir umsjón með hafnargjaldkera. Bæjarstjóri er hafnarstjóri.

8. gr.

Í skólanefnd eru kosnir til þriggja ára fjórir menn af bæjarstjórn, en fræðslumálastjóri skipar formann hennar. Hún hefir umsjón með fræðslu barna samkvæmt fræðslulögum og reglum um skólamál, svo og öllum fræðslumálum bæjarins.

9. gr.

Í bókasafnsnefnd eru kosnir þrjú menn. Hún annast bókasafn bæjarins samkvæmt reglugerð þess og samþykktum bæjarstjórnarinnar.

145

24. jan.

10. gr.

Í brunamálanefnd eru kosnir þrír bæjarfulltrúar, en sjálfkjörnir í hana eru brunamálastjóri og forseti bæjarstjórnar, sem er formaður nefndarinnar. Nefndin skal sjá um framkvæmdir á reglum þeim, sem settar eru í lögum og reglugerðum um brunamál, og slökkvilið bæjarins, og fullnægja öllum þeim skyldum, sem henni eru á herðar lagðar.

11. gr.

Í sjúkrahúsnefnd eru kosnir tveir bæjarfulltrúar, en sjúkrahúslæknir er sjálfkjörinn. Nefndin annast ásamt bæjarstjóra, sem er ráðsmaður sjúkrahússins, allan rekstur þess samkvæmt reglugerð og samþykktum bæjarstjórnarinnar.

12. gr.

Í veganefnd eru kosnir þrír bæjarfulltrúar. Nefndin hefir á hendi alla umsjón með og framkvæmdir á vegagerðum, endurbótum vega og hirðingu, holræsum og rennum, vatnsbólum og vatnsveitu bæjarins. Hún sér um og hefir eftirlit með vatnssölu. Hún hefir og umsjón með götulýsingu bæjarins, allt eftir ákvæðum bæjarstjórnar.

13. gr.

Í búnefnd eru kosnir þrír bæjarfulltrúar. Nefndin stjórnar, ásamt þar til ráðnum bústjóra, kúabúi bæjarins og annari starfsemi, er rekin kann að verða í sambandi við það.

14. gr.

Í rafveitunefnd sitja fimm menn, og er hún kosin samkvæmt samningi við Eyrarhrepp, um sameiginlega rafvirkjun við hann. Stjórnar nefndin rafveitunni samkvæmt þeim samningi og reglugerð og gjaldskrá rafveitunnar.

15. gr.

Í ellistyrktarsjóðsnefnd eru kosnir þrír bæjarfulltrúar, og fer um störf hennar samkvæmt lögum um almennan ellistyrk.

16. gr.

Í kjörskrárnefnd eru kosnir þrír bæjarfulltrúar. Nefndin semur með aðstoð bæjarstjóra kjörskrár í tæka tíð fyrir allar almennar kosningar.

17. gr.

Í niðurjöfnunarnefnd eru kosnir fjórir menn í nóvembermánuði til eins árs í senn, en formaður hennar er formaður skattanefndar. Um störf niðurfjöfnunarnefndar fer eftir lögum um útsvör.

18. gr.

145

Í heilbrigðisnefnd eru bæjarfógeti og héraðslæknir sjálfkjörnir, og einn bæjarfulltrúi kosinn til eins árs. Hún sér um framkvæmd á ákvæðum heilbrigðissamþykktar með aðstoð heilbrigðisfulltrúa.

19. gr.

Í sóttvarnarnefnd eru bæjarfógeti og héraðslæknir sjálfkjörnir og einn bæjarfulltrúi kosinn til þriggja ára í senn. Um starf nefndarinnar fer eftir sóttvarnarlögum.

20. gr.

Í byggingarsjóðsnefnd eru kosnir tveir menn af bæjarstjórn til fjöggra ára í senn, en formaður nefndarinnar er skipaður af stjórnarráðinu. Nefndin stjórnar byggingarsjóði bæjarins samkvæmt lögum um verkamannabústaði og samþykktum bæjarstjórnar.

21. gr.

Bæjarstjórnin ræður alla starfsmenn bæjarins, nema hún feli einstökum nefndum, með samþykktum eða reglugerðum, að ráða sér starfsmenn, eða heimili í erindisbréfum einstökum starfsmönnum að ráða sér aðstoðarmenn.

Öllum starfsmönnum ber að haga sér eftir reglum þeim, sem settar eru í samþykktum bæjarins og erindisbréfum þeirra.

22. gr.

Allir reikningar bæjarins skulu lagðir fram í 15 daga almenningi til sýnis, eigi síðar en í lok marzmánaðar. Síðan skulu þeir sendir endurskoðunarmönnum bæjarins, og skulu þeir hafa lokið endurskoðuninni innan mánaðar. Athugasemdum endurskoðunarmanna skal gjaldkeri svo hafa svarað innan hálf mánaðar.

23. gr.

Þær nefndir, sem fjármál hafa með höndum, skulu innan þess tíma, er bæjarstjóri tiltekur, senda fjárhagsnefnd frumvarp að áætlun um tekjur og gjöld mála þeirra, er undir þær eiga, svo og tillögur um hvernig fjárveiting skuli varið.

24. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á málum þeim og ráðstöfunum, sem eigi eru öðrum falin, og allar bréfaskriftir bæjarstjórnarinnar.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari, þarf umræður á tveim fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu stjórnarráðsins.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað, og er þá jafnframt úr gildi felld samþykkt um sama efni frá 5. júní 1918.

145 Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefir gert sam-
24. jan. kvæmt lögum nr. 67, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 59, 14. júní 1929, er hérmeð
staðfest.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. jan. 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

146 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, til sýslumanns-**
5. des. **ins í Húnavatnssýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar á Hvammstanga.**

Með bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 14. f. m., hefir hingað borizt uppdráttur af fyrirhugaðri verzlunarlóð á Hvammstanga, sem með lögum nr. 40, 13. desember 1895 varð löggiltur verzlunarstaður, og hafið þér skýrt frá því, að sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hafi mælt með því að verzlunarsvæðið verði ákveðið eins og uppdrátturinn sýnir.

Útaf þessu eru hérmeð samkvæmt lögum nr. 61 frá 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Hvammstanga, sett eftir framannefndum uppdrætti svo sem hér segir:

Að sunnan er línan frá sjó til austurs norðanvert á Vallahöfða í Ytri Vallalandi á sýsluveginum um Sandhól, svo til norðurs eftir gamla veginum norður Hvammsás að Ytri Hvammsá og svo sem hún rennur til sjávar.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja upp og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg frá náttúrunnar hendi.